

**31. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
20. janúar 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Anna Þóra Þorgilsdóttir varamaður, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Ingibjörg Pálmadóttir boðaði forföll. Anna Þóra Þorgilsdóttir mætti í hennar stað.

**Fyrir tekið:**

**1. 1411152 - Búsetumál fatlaðs fólks**

Umræða um stefnu í búsetumálum fatlaðs fólks og varðandi uppbyggingu nýs búsetuúrræðis.

*Í ljósi þeirrar þarfar sem fyrirsjáanleg er vegna húsnæðis fyrir fatlaða á Akranesi á næstu árum telur Velferðar- og mannréttindaráð brýnt að hefja undirbúning að byggingu nýs búsetuúrræðis. Niðurstaða ráðsins er sú að vænlegra sé að byggja nýtt húsnæði en að ráðast í breytingar á Vesturgötu 102 eins og fyrirhugað var. Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir því að Umhverfis- og skipulagssvið að geri tillögu að staðsetningu búsetuúrræðisins. Jafnframt óskar ráðið eftir því að bæjarráð fjalli um málið og setji það í réttan farveg varðandi fjármögnun verkefnisins og tímasetningar. Ráðið telur mikilvægt að ráðist verði í hönnun eins fljótt og auðið er.*

*Fyrirhuguð er vettvangsferð Velferðar- og mannréttindaráðs og teymis í málefnum fatlaðra til Þroskahjálpar og Áss styrktarfélags þann 5. febrúar þar sem kynnt verður samstarf þessara aðila við sveitarfélög um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlaða.*

**2. 1510113 - Reglur um aðstoð við lyfjagjöf í búsetuþjónustu**

Áður á dagskrá 25. fundar velferðar- og mannréttindaráðs þann 21. október 2015. Lögð fram eftirfarandi tillaga teymis í málefnum fatlaðra um orðalag reglu um aðstoð starfsmanna Velferðar- og mannréttindasviðs við lyfjatöku: "Starfsmenn Velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar veita aðstoð við lyfjatöku sé þess þörf. Aðstoð við lyfjatöku er háð því að lyf séu skömmtuð fyrirfram í lyfjarúllu frá viðurkenndum lyfsala. Gera má undantekningu frá þessari reglu ef um er að ræða tímabundna lyfjameðferð í skamman tíma".

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir ofangreinda tillögu.*

**3. 1410137 - Mannréttindastefna - samráðshópar**

Í mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar er gert ráð fyrir að komið verði á fót skipulegu samráði við skilgreinda hópa sem leitað var til við gerð stefnunnar, s.s. aldraða, innflytjendur og fatlað fólk. Rætt um hlutverk og skipan samráðshópa.

*Rætt um að skipa samráðshópa vegna málefna innflytjenda, aldraðra og fatlaðra.*

Hópunum yrði ætlað að að gefa endurgjöf um árangur, gera tillögur að úrbótum og gefa álit á hugmyndum og tillögum sem ráðið hefur til umfjöllunar og varða hópana.

Rætt um mismunandi leiðir að vali á fulltrúum og starfsháttum samráðshópanna.

Félagsmálastjóra falið að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum.

Ákveðið að óska eftir að Anna Lára Steindal mæti á næsta fund ráðsins og segi frá hugmyndum sínum um samráð.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Vilborg Þ. Guðbjartsd.

Eira Þ. Brána

Þunnhildur  
Sveinbjörg K.Þ.

Anna Þóra Þorgrímsdóttir

þurkellur